Samband kviða og þunglyndis skurðsjúklinga við verki og upplýsingar um eftirmeðferð: Á sjúkradeild og sex vikum eftir útskrift.

Sálmælingalegir eiginleikar endurskoðaðrar útgáfu einkennakvarða (SCL-90 R; Symptom Checklist-90 Revised) hjá sjúklingum á almennum deildum LSH.

Ökklabrot á Íslandi. Samantekt á árangri meðferðar við ökklabrotum á LSH.

Persónuleikaraskanir, gæði greiningar og mat á meðferð með sérstöku tilliti til CORE-OM árangursmælitækisins.

The struggle of Keeping a Hospital free of Methicillin-Resistant Staphylococcus Aureus – COST-BENEFIT ANALYSIS.

Phenylketouría á Íslandi.

Próun mælitækja til að meta sjúklingaánægju á legudeildum barna- og unglingadeildar LSH.

Insóúlandælur á Íslandi.

Árangur af ísetningu lyfjabrunna á LSH á árunum 2002-2004.

Réttmætisathugun á Y-BOCS áráttu og þráhyggjuviðtalinu.

Samantekt á notkun Baclofen dæla á Íslandi.

Reynsla af Triamcinolone sterainndælingu í augu og OCT tækni.

Lungnastarfssemi einstaklinga með sóragigt.

Ástand sjúklinga 12 klst. Fyrir innlögn á gjörgæsludeild.

Gæðarannsókn á notkun varmandi sýklalyfjagjafar við skurðaðgerðir á LSH - er notkunin í samræmi við útgefnar klínískar leiðbeiningar?

Könnun á upplýsingagjöf við útskrift varðandi lyfjameðferð sjúklinga 75 ára og eldri sem útskrifast af lyflækningadeildum LSH.

Rannsókn á lífsgæðum geðfatlaðra sem búa á vernduðum heimilum.

Nýragjöf: Félags- og tilfinningalegir áhrifaþættir á ákvarðanatöku og upplifun af nýragjöf.

Vistfræðilegt réttmæti taugasálfræðilegra prófa sem ætlað er að meta stjórnunarfærni. (Ecological validity of neuropsychological tests of executive function).


Myndtækni nýtt til þróunar og endurbóta í geislameðferð krabbameins í blöðruhálskirtli.

Upplifun foreldra á breytingu á iðju barna sinna eftir þátttöku í Ævintýrameðferð á barna- og unglingadeild LSH.

Úlnliðsbrot Reykvikinga árin 2004 - 2005.

Whole Blood Thromboelastometry for evaluating the Effect of haemostatic Agents following Cardio-Pulmonary Bypass.

Vísindi á vordögum LSH 2006



Í Hringisal 18. maí 2006

Hannes Pétursson, prófessor og sviðsstjóri lækninga á geðsviði flutti heiðursfyrirlestur: "Rannsóknir á geðrofssjúkdómum - þróun, staða og horfur"

Ungur vísindamaður LSH árið 2006 var útnefndur Valgarður Sigurðsson náttúrufræðingur. Hlaut hann hvatningarverðlaun fyrir verkefnið "Æðabælsfrumur örva bandvefslíka umbreytingu brjóstastofnfrumna í þríviðri ræktun" og hélt fyrirlestur um rannsóknir sínar.

Þá var tilkynnt um heiðursvísindamann LSH árið 2006 sem var Gunnar Sigurðsson prófessor og yfirlæknir á efnaskipta- og innkirtlasjúkdóma-deild og hélt hann fyrirlestur um niðurstöður rannsókna sinna. Úthlutað var styrkjum úr Vísindasjóði LSH.

Í K-byggingu 19. maí 2006

Kristján Erlendsson framkvæmdastjóri skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar flutti ávarp.

58 hópar eða einstaklingar kynntu niðurstöður rannsókna sinna á veggspjaldasýningu sem stóð síðan í nokkra daga.

Starfsmenn bókasafns og upplýsingasviðs kynntu nýjan rafrænan vísindavef og myndveitu. Auk þess var kynningarbás um starfsemi skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar.

Verðlaun og viðurkenningar

Alls fengu 11 starfsmenn og nemendur við LSH sérstakar viðurkenningar á árinu 2006 fyrir vísindastörf.

Viðurkenningar fyrir frábær störf í þágu vísinda:

Einar Stefánsson, prófessor og yfirlæknir augndeildar var sæmdur heiðursmerki hinnar íslensku Fálkaorðu. Hann var sæmdur riddarakrossi fyrir störf í þágu menntunar og læknavísinda. Að auki fékk Einar tvenn alþjóðleg verðlaun: Pohl verðlaunin, sem veitt eru fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu læknavísindanna en ekki síst fyrir nýjasta framtak hans og samstarfsmanna hans, þróun mælitækis fyrir súrefnisflæði í augnbotnum, og heiðursverðlaun frá Synoptic fonden fyrir framúrskarandi vísindaframlag á sviði rannsókna á augnsjúkdómum.

Gunnar Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir innkirtlasjúkdómadeildar var valinn heiðursvísindamaður ársins á LSH vegna glæsilegs vísindaframlags frá upphafi hans starfsferils.

Helgi Valdimarsson, prófessor og yfirlæknir ónæmisfræðideildar var heiðraður af Háskóla Íslands fyrir lofsvert framlag til rannsókna við skólann. Helgi á að baki einstaklega glæsilegan vísindaferil og var m.a. valinn vísindamaður ársins 2005 á LSH.

Önnur verðlaun og viðurkenningar til starfsmanna:

Linn Getz, trúnaðarlæknir, fékk Marie Spaangberg verðlaun norska læknafélagsins fyrir bestu vísindagrein skrifaða af norski konu í lækna-stétt á árinu 2005: Estimating the high risk for cardiovascular disease in the Norwegian HUNT 2 population according to the 2003 European guidelines: modelling study. British Medical Journal 2005;331:551.

Þóra B. Hafsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur, fékk Anna Reynvaan hollensku vísindaverðlaunin fyrir bestu vísindagrein innan hjúkrunar sem birt var á árinu 2005: Hafsteinsdóttir TB, Algra A, Kappelle LJ, Grypdonck MHF. Neurodevelopmental Treatment after Stroke: A comparative study. Journal of Neurology, Neurosurgery and Psychiatry 2005;76:788-792.

Verðlaun og viðurkenningar til stúdenta á öllum stigum sem unnu að verkefnum á LSH eða starfa við spítalann:

Erna Sif Arnardóttir, meistaranemi við HÍ (lungnadeild LSH), fékk verðlaunaferðastyrk og útnefningu til þess að kynna sérstaklega verkefni sitt á 18. ráðstefnu "European Sleep Research Study (ESRS)". Titill fyrirlestrar og veggspjalds er: "Endothelial function in OSA patients and the effect of CPAP" Leiðbeinendur og samstarfsmenn: Þórarinn Gíslason, Björg Þorleifsdóttir.

Fjóla Jóhannesdóttir, meistaranemi við verkfræðiskor HÍ (Rannsóknar- og þróunarstofu LSH), fékk verðlaun frá Verkfræðistofnun HÍ fyrir verkefnið: "BONE – use it or loose it". Verkefnið fjallaði um að meta styrkleikabreytingar í beinum fólks með aftaugaða og nýra vöðva sem meðhöndlaðir eru með raförvun. Leiðbeinendur og samstarfsmenn: Þórður Helgason, Paolo Gargiulo, Páll Ingvarsson, Sigrún Knútsdóttir, Stefán Yngvason, Vilborg Guðmundsdóttir, Sigurður Brynjólfsson.

Ingi Karl Reynisson, læknanemi við HÍ, fékk viðurkenningu fyrir besta rannsóknarverkefni læknanema á XVII. þingi Félags íslenskra lyflækna og á 23. norrænu ráðstefnunni um sýklalyfjameðferð (23rd Annual meeting of the Scandinavian Society for Antimicrobial Chemotherapy) í Uppsöllum, Svíþjóð fyrir verkefnið: Alvarleiki og fylgikvillar ífarandi meningokokkasýkinga á Íslandi. Leiðbeinendur og samstarfsmenn: Helga Erlendsdóttir, Magnús Gottfredsson.

Jónína Lilja Pálsdóttir, meistaranemi við verkfræðiskor HÍ (Rannsóknar og þróunarstofu LSH), fékk verðlaun frá Verkfræðistofnun HÍ fyrir verkefnið: "Design and Testing of a Method for Monitoring Treatment of Denervated Degenerated Muscles". Verkefnið fjallar um mæliaðferð til að fylgjast með breytingum í vélrænum eiginleikum aftaugaðra vöðva sem meðhöndlaðir eru með raförvun. Leiðbeinendur og samstarfsmenn: Þórður Helgason, Paolo Gargiulo, Páll Ingvarsson, Sigrún Knútsdóttir, Stefán Yngvason, Vilborg Guðmundsdóttir, Jón Atli Benediktsson.

Lena Rós Ásmundsdóttir, unglæknir, fékk viðurkenningu fyrir besta rannsóknarverkefni unglæknis á XVII. þingi Félags íslenskra lyflækna fyrir verkefnið: Blóðsýkingar af völdum Candida dubliniensis og Candida albicans. Samanburður á meinvirkni og vefjameinafræðilegum breytingum. Leiðbeinendur og samstarfsmenn: Helga Erlendsdóttir, Bjarni A. Agnarsson, Ragnar F. Ingvarsson, Magnús Gottfredsson.

Valgarður Sigurðsson, doktorsnemi við HÍ (blóðmeinafræðideild LSH), var valinn efnilegasti ungi vísindamaðurinn á LSH og fékk jafnframt verðlaun danska krabbameinsfélagsins fyrir besta veggspjaldið. Heiti verkefnisins er: Æðapelsfrumur örva bandvefslíka umbreytingu brjóstastofnfruma í þrívíðri rækt. Leiðbeinendur og samstarfsmenn: Þórarinn Guðjónsson, Magnús Karl Magnússon, Ólafur Baldursson, Margrét Steinarsdóttir, Jón G. Jónasson, Jens Kjartansson, Ole W. Petersen, Mina J. Bissell, Guðmundur H. Guðmundsson, Helga M. Ögmundsdóttir, Eiríkur Steingrímsson.



**Dr. Sigrún
Gunnarsdóttir
ráðgjafi og
rannsakandi
í stjórnun**

Pað er langur aðdragandi að rannsóknum mínum. Ég hef lengi haft sértakan áhuga á að skilja betur hvað hefur áhrif á líðan fólks, hvaða þættir ráða heilsu okkar og velferð og hvaða leiðir eru færar til að hafa hér áhrif. Bakgrunnur minn og sérþekking er á sviði lýðheilsu. Rannsóknin á líðan starfsmanna í þvottahúsi og eldhúsi árið 2000 var mjög lærdómsrík og sýndi greinilega hvernig samskipti á vinnustað og góðir stjórnunarhættir hafa áhrif á líðan fólks í starfi.

Niðurstöðurnar voru mikilvægt innlegg í gæða- og umbótastarf á vinnustöðunum tveimur. Í ljósi þessara niðurstaðna vaknaði áhuginn á að rannsaka enn frekar líðan fólks í vinnu. Nú um stundir er sérstaklega mikilvægt að rannsaka starfsumhverfi heilbrigðisstarfsmanna og áhrif þess á líðan í starfi og gæði þjónustunnar. Slík þekking er mikilvægt framlag til þekkingarþróunar en ekki síst tækifæri til að koma auga á leiðir til úrbóta til hagsbóta fyrir sjúklinga og starfsmenn.

Líðan starfsmanna hefur notið vaxandi athygli undanfarin ár sem og rannsóknir á því sviði. Áhugi á vinnuvernd og lýðheilsu almennt hefur aukist, bæði hérlendis og erlendis. Lýðheilsustöð var sett á laggirnar fyrir fáum árum og nýjar lýðheilsudeildir eru við Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur. Miklar vonir eru bundnar við þessa áfanga og þar skapast ný tækifæri til rannsókna, m.a. á sviði vinnuverndar.

LSH hefur gegnt mikilvægu hlutverki í fjölda rannsókna á þessu sviði og ánægjulegt hve margir hafa áhuga á vísindalegum verkefnum sem tengjast starfsumhverfi sjúkrahússins. Hlutverk spítalans fyrir lýðheilsu almennt er mjög mikið. Með aukinni áherslu á vísindi verður þetta hlutverk æ skýrara. Það er tilhlökkunarefni að fylgjast með þessari þróun og að sjá LSH vinna enn frekar með öðrum stofnunum að rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði lýðheilsu og þar með t.d. vinnuvernd.

Samstarfsmenn mínir

Samstarfsmenn mínir við rannsóknir hafa verið margir og ánægjulegt að njóta leiðsagnar og stuðnings frá sérfræðingum á sviði lýðheilsu og um stjórnun og stefnumótun heilbrigðisþjónustunnar. Fyrir utan leiðbeinendur mína við Háskóla Íslands og London School of Hygiene & Tropical Medicine (LSHTM) hef ég notið stuðnings sérfræðinga hjá Vinnueftirlitinu og fræðimanna í öðrum löndum.

Síðustu misserin hef ég átt mjög ánægjulegt samstarf við Martin McKee við LSHTM og Sean Clarke við Pennsylvania University. Anna Björg Aradóttir yfirhjúkrunarfræðingur hjá landlæknisembættinu er mín stoð og stytta í fræðunum og bakland í lýðheilsu. Jafnframt leiðbeini ég nokkrum meistara- og doktorsnemendum sem er bæði spennandi og lærdómsríkt.

Síðast en ekki síst hefur Don Nutbeam, nú aðstoðarrektror við Sydney University, verið mér fyrirmynd í rannsóknunum undanfarin ár og ómetanlegur bakhjarl. Allir þessir aðilar og margir fleiri hafa skipt köp- um fyrir nám mitt og rannsóknir.

Rannsóknir og niðurstöður

Rannsóknirnar á starfsumhverfi LSH sem ég hef stýrt eru orðnar þrjár. Sú fyrsta árin 1999 - 2000 í eldhúsi og þvottahúsi og önnur í röðinni var gerð árin 2002 - 2003 um starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Frá árinu 2005 hef ég unnið í samstarfi við deildarstjóra og sviðsstjóra að þátttökurannsókn um stjórnun og líðan deildarstjóra hjúkrunar.

Niðurstöður þessara þriggja rannsókna sýna áhrif góðra samskipta og uppbyggjandi stjórnunarháttá á líðan starfsmanna og starfsgetu þeirra.

Núverandi rannsókn byggir á niðurstöðum hinna fyrri, einkum rannsóknarinnar sem ég vann til doktorsprófs um líðan hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra og varð árið 2005. Grunnþónn þeirrar rannsóknar er styrking (e: empowerment) og fjallar um árangursríkar leiðir til að auka styrk

einstaklinganna með uppbyggilegu starfsumhverfi sem hefur jákvæð áhrif á gæði þjónustunnar.

Rannsóknin sýndi á mjög afgerandi hátt áhrif stjórnunaraðferða deildarstjóra. Góðir stjórnunarhættir næsta yfirmanns hafa marktæk áhrif á starfsánægju, dregur úr einkennum kulnunar og hefur jafnframt áhrif á gæði hjúkrunarinnar. Um leið og sýnt var fram á afgerandi áhrif deildarstjóranna kom í ljós að verkefni þeirra aukast jafnt og þétt sem og álag í starfi.

Fleiri áhugaverðar niðurstöður komu í ljós, t.d. að einlægur áhugi í starfi er grundvallarþáttur starfsánægju hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á LSH.

Niðurstöðurnar voru bornar saman við niðurstöður sambærilegra rannsókna í Evrópu og Norður Ameríku og á flestum sviðum voru íslensku niðurstöðurnar jákvæðari, þ.e. starfsánægja hér var meiri og einkenni um kulnun minni.

Rannsókn í gangi

Árið 2005 fékk ég tækifæri til að hefja rannsókn sem byggir á niðurstöðum doktorsrannsóknarinnar. Um er að ræða þátttökurannsókn (e: action research) með deildarstjórum hjúkrunar til að styðja þá sem stjórnendur og bæta líðan þeirra í starfi.

Samstarfskonur mínar eru Ágústa Benný Herbetsdóttir, Edda Jóna Jónasdóttir, Hildur Kristjánsdóttir og Katrín Blöndal auk þess sem sviðsstjórar viðkomandi sviða og deildarstjórnarnir eru virkir þátttakendur í rannsókninni. Alls eru þátttakendur um 50. Aðferðirnar eru fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur þar sem við byggjum á ígrundun í starfi og styrkjandi samskiptum. Rannsóknin stendur enn og er árangurinn metinn með eiginlegum og meginlegum aðferðum.

Fyrstu niðurstöður benda til góðs árangurs bæði hvað varðar líðan í starfi og styrk deildarstjóranna sem stjórnendur. Niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar á ráðstefnum hérlendis og erlendis síðar á árinu.

Einar Stefánsson prófessor í augnlækningum

Ég hef verið virkur á nokkrum sviðum augnlækninga. Þar er fyrst að nefna súrefnisefnaskipti í auganu, í öðru lagi þróun augnlyfja og í þriðja lagi faraldsfræði og blinduvarnir í sykursýki.

Þess utan hef ég látið til mín taka í faraldsfræði og erfðafræði nokkurra augnsjúkdóma, optik og fleira.



Súrefnisrannsóknir

Súrefnisrannsóknirnar hafa beinst að því að skilja eðli og meðferð blóðþurrðarsjúkdóma í augum s.s. augnsjúkdóms í sykursýki og gláku. Samstarfsmenn mínir og ég uppgötvuðum hvernig lasermeðferð og glerhlaupsaðgerðir hafa líffræðileg áhrif á sjónhimnu og aðra vefi augans, en þessi áhrif eru yfirleitt jákvæð en stundum hættuleg fyrir heilsu augans. Að undanfögnu höfum við verið að þróa mælitæki sem getur mælt súrefnismettun í augnbotnum manna. Tækið er þegar í notkun og við erum að smíða tækið fyrir samstarfsmenn okkar í Bandaríkjunum og Evrópu. Ég er bjartsýnn á að þessi tækjabúnaður muni gjörbreyta möguleikum augnlækna til að greina og fylgjast með meðferð blóðþurrðarsjúkdóma í sjónhimnu þ.m.t. flestum algengustu blinduvaldandi sjúkdómum í heimi. Þessar rannsóknir hafa verið samvinnuverkefni milli læknadeildar og verkfræðideildar HÍ, háskólanna í Indiana og Kaupmannahöfn og fleiri. Jón Atli Benediktsson prófessor, Þór Eysteinnsson dósent, James Beach dósent hafa verið í forystu rúmlega 10 manna rannsóknarhóps á Íslandi auk samstarfsmanna okkar í öðrum löndum. Þar má einnig telja Aðalbjörn Þorsteinsson svæfingarlækni og Gunnar Má Zoega augnlækni.

Þróun augnlyfja

Þorsteinn Loftsson prófessor í lyfjafræði og undirritaður hafa unnið að þróun augnlyfja um meira en 15 ára skeið ásamt fjölda samstarfsmanna, þ.m.t. Må Mássyni prófessor og Hákonni Hrafni Sigurðssyni dósent í lyfjafræði, augnlæknunum Jóhannesi Kára Kristinssyni, Sigríði Þórisdóttur, Elínborgu Guðmundsdóttur og Maríu Soffíu Gottfreðsdóttur og fleirum. Við höfum byggt á cyclodextrin burðarefni og höfum með því móti getað stórukið frásög lyfja úr augndropum inn í auga og teljum okkur hafa leyst eitt mikilvægasta vandamál í augnlyfjafræði, sem er að koma lyfjum s.s. sterum, til sjónhimnu úr augndropaformi. Þetta gefur von um meðhöndlun á algengum og alvarlegum augnsjúkdómum s.s. sjónhimnubjúg í sykursýki með augndropum eingöngu.

Sykursýkisrannsóknir

Við höfum rannsakað forvarnarkerfi gegn sykursýkisblindu sem Þórir Helgason læknir hafði forystu um að koma á árið 1980 ásamt Friðbert Jónassyni prófessor og Guðmundi heitnum Björnssyni prófessor. Þetta er elsta og merkasta forvarnarkerfi gegn sykursýkisblindu í heiminum. Við höfum rannsakað það mjög gaumgæfilega og birt fjölda greina sem hafa verið öðrum þjóðum hvatning til að gera jafn vel. Sykursýkisblindu á Íslandi er nú 5 sinnum sjaldgæfari en hún var þegar þetta kerfi byrjaði. Jóhannes Kári Kristinsson augnlæknir skrifaði doktorsritgerð um þetta efni og var hann fyrsti læknirinn sem lauk skipulögðu doktorsnámi í læknadeild Háskóla Íslands skv. nýrri reglugerð. Eydís Ólafsdóttir augnlæknir stundar nú doktorsnám á þessu sviði.

Rannsóknaumhverfi

Rannsóknarumhverfi á Íslandi hefur breyst gríðarlega. Þegar ég var í læknadeild Háskóla Íslands á áttunda áratug síðustu aldar voru engar vísindarannsóknir stundaðar við deildina. Það hillti þó undir breytingar á þessu og þegar ég kom til baka frá Bandaríkjunum í lok níunda áratugarins var endurreisnin byrjuð. Hún fólst þó þá sem nú fyrst og fremst í áhuga og metnaði einstakra lækna og vísindamanna fremur en aðstöðu og umhverfi. Þetta hefur þó farið batnandi, sérstaklega á síðustu árum. Ríkisvaldið hefur aukið fé í samkeppnisjóðum verulega og nýjar áætlanir um stóreflingu Háskóla Íslands vekja glæstar vonir. Háskólasítillinn hefur hins vegar verið vonbrigði hingað til. Yfirstjórn spítalans hefur nokkuð óhefðbundnar hugmyndir um eðli háskólasítilla og leggur í verki litla áherslu á uppbyggingu vísinda og rannsókna.

Á fræðasviði augnlækninga starfa tveir af fimm afkastamestu vísindamönnum spítalans (skv. ISI lista birtra greina), en þrátt fyrir það höfum við mátt þola að vera olnbogabörn með ónóga aðstöðu og neikvæða hvatningu til vísindastarfa. Við fengum meira að segja einu sinni að heyra það frá fyrrverandi yfirmanni okkar, þó í hálfkæringi væri, hvort allt þetta vísindabrölt væri ekki að þvælast fyrir læknisþjónustu á augndeildinni. Flestir háskólasítillar með alþjóðlegan metnað leggja mikið upp úr vísindarannsóknunum og hlúa að vaxtarbroddum sínum á þessu sviði, en því er því miður ekki að heilsa hér. Vonandi stendur þetta til bóta.

Viðurkenningar og heiðurslaun

Við höfum orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að hljóta viðurkenningu og verðlaun frá erlendum kollegum okkar.

Á síðasta ári fékk ég sérstaklega vegleg verðlaun danska Synoptik Fonden og haldin var ráðstefna í Kaupmannahöfn sem fjallaði um rannsóknir mínar á sviði súrefnisefnaskipta. Fyrr á árinu fékk ég verðlaun, sem kennd eru við Pöhl í Þýskalandi, sömuleiðis fyrir vísindarannsóknir. Á þessu ári verð ég t.d. "key note" fyrirlesari á aðalfundi Royal College of Ophthalmology í Bretlandi og aðalfundi japanska augnlæknafélagsins auk margra smærri ráðstefna.

Rannsóknarverkefnið okkar í súrefnismælingum hefur fengið Öndvegisstyrk frá Rannís, einn nemanda okkar fékk nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir nokkrum árum og Sveinn Hákon Harðarson doktorsnemi fékk styrk úr háskólasjóði Eimskips á síðasta ári. Á síðasta ári fékk Jón Atli Benediktsson heiðursverðlaun verkfræðistofnunar m.a. vegna rannsóknaverkefnis okkar og verkefnið fékk einnig nýsköpunarverðlaun Háskóla Íslands fyrir 2 árum, svo nokkuð sé upp talið. Síðast en ekki síst fékk ég Fálkaorðu fyrir vísindarannsóknir úr hendi Forseta Íslands á nýjársgdag.



Dr. Sólveig Jónsdóttir sérfræðingur í klínískri taugasálfræði og klínískri barnasálfræði

Klínísk taugasálfræði er undirgrein sálfræðinnar, sem fjallar um sambandið á milli starfsemi heilans og atferlis og sérhæfir sig í greiningu og meðferð sjúklinga, sem eiga við vitræna skerðingu og/eða hegðunartruflun að stríða.

Viðfangsefni klínískra taugasálfræðinga eru til dæmis ýmsar taugaþroskaraskanir eins og athyglisbrestur með ofvirkni (ADHD), dyslexia, málþroskaröskun, einhverfa og Tourette heilkenni, heilaskaði af völdum áverka, ýmsir taugasjúkdómar eins og Alzheimer, Parkinsonsjúkdómur, MS, slag, heilabólgur, flogaveiki og fleira.

Hvert er rannsóknarsvið þitt og hvers vegna varð það fyrir valinu?

Taugasálfræði er sú undirgrein sálfræðinnar sem ætíð hefur heillað mig mest. Það er gaman að rannsaka starfsemi heilans, því hann er svo ótrúlega flókið og spennandi fyrirbæri. Rannsóknir mínar undanfarin ár hafa einkum tengst börnum og unglingum. Í námi mínu skrifaði ég til dæmis yfirlitsgrein um áhrif áfengisneyslu á meðgöngu á vitsmunastarf og hegðun barna og unglinga.

Ég varði nýlega doktorsritgerð í klíniskri taugasálfræði við læknadeild Ríkisháskólans í Groningen í Hollandi, sem fjallar um fylgikvilla og kynjamun í ADHD. ADHD er algengasta taugaþroskaröskun barna og unglinga og greinist hjá um helmingi þeirra sem koma á barna- og unglingageðdeildir í hinum vestræna heimi. ADHD veldur í mörgum tilfellum alvarlegri skerðingu á lífsgæðum fólks til langs tíma lítið og er því verðugt rannsóknarefni. Þá hef ég nýhafið rannsókn á því hversu vel taugasálfræðileg próf, sem ætlað er að meta stjórnunarfærni (executive function), spá fyrir um hegðun í daglegu lífi fullorðins fólks, sem fengið hefur ýmsa taugasjúkdóma. Stjórnunarfærni tengist starfsemi framheilanans og skerðing á starfsemi hans getur meðal annars valdið hegðunarbreytingum hjá fólki.

Hvernig er rannsóknarumhverfi þitt og hverjir er helstu samstarfsaðilar þínir?

Ég starfaði um sex ára skeið á barna- og unglingageðdeild LSH þar sem ég fékkst meðal annars við rannsóknir á börnum og unglingum með ADHD. Undanfarin tvö ár hef ég starfað hjá sálfræðiþjónustu LSH og sinni einkum sjúklingum á taugalækningadeild, endurhæfingardeild og ýmsum öðrum vefrænum deildum LSH. Ég hef einnig í starfi mínu á undanförunum árum kennt sálfræðinemum við Háskóla Íslands og leiðbeint þeim við lokaverkefni þeirra.

Ég hef nokkur undanfarin ár verið í samstarfi við þrjá prófessora í taugasálfræði í Hollandi, sem voru leiðbeinendur mínir við doktorsrannsókn mína. Þessi samvinna hefur verið einstaklega ánægjuleg og gefandi.

Hverjar eru helstu niðurstöður rannsókna þinna og samstarfsaðila?

Margir foreldrar eru ósáttir við að gefa börnum sínum lyf og þau geta valdið aukaverkunum. Þess vegna er mikilvægt að leita annarra meðferðaforma við ADHD.

Rannsókn okkar á áhrifum taugaraförvunar í gegnum húð (transcutaneous electrical nerve stimulation, TENS) leiddi í ljós að meðferðin hafði jákvæð áhrif á hegðunarmynstur og stjórnunarfærni barna með ADHD. Áhugavert var einnig að verulega dró úr hreyfióróleika barnanna bæði í vöku og svefni samkvæmt virknimæli (actigraphy). Sú niðurstaða rannsóknarinnar að marktækt skyldi draga úr hreyfingum í svefni finnst mér mjög áhugaverð. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að börn með ADHD

hreyfa sig meira í svefni og eru með meiri svefnavandamál en önnur börn og hugsanlega getur ófullkominn svefn átt þátt í einkennum röskunarinnar. Vísbendingar eru um að TENS meðferð geti haft taugaverjandi áhrif meðal annars á taugafrumur, sem framleiða dópamín.

Því hefur stundum verið haldið fram að börn með ADHD væru almennt með skert vinnsluminni. Önnur taugaþroskaröskun, svokölluð sértæk málþroskaröskun, einkennist af skertu yrtu vinnsluminni. Sértæk málþroskaröskun er algengur fylgikvilli með ADHD. Við gerðum rannsókn á börnum sem voru með bæði ADHD og málþroskaröskun og bárum þau saman við börn sem voru með ADHD og eðlilegan málþroska og einnig börn, sem áttu við hvoruga röskunina að stríða. Niðurstöður leiddu í ljós, að skert yrt vinnsluminni var tengt málþroskaröskuninni, en ekki ADHD. Börn með ADHD án málþroskaröskunar voru með eðlilegt vinnsluminni bæði yrt og óyrt.

Kenningar hafa verið settar fram um að skert stjórnunarfærni sé einkennandi fyrir ADHD. Niðurstöður einnar rannsóknar okkar voru þær helstar að vísbendingar komu fram um að skert stjórnunarfærni sé ekki einkennandi fyrir ADHD, því hún virtist tengdari einkennum um einhverfu og þunglyndi heldur en einkennum um ADHD.

Athyglisverð niðurstaða þeirrar rannsóknar var, að það sem spáði best fyrir háu mati kennara á athyglisbresti, var skertur málþroski. Skertur málþroski getur farið leynt og kemur oft ekki fram nema við beina prófun á barninu. Yfirleitt er ekki skimað fyrir málþroska barna, þegar greining á ADHD fer fram. Það er mikilvægt að vita hvort það er skertur málþroski, sem veldur athyglisbrestseinkennum, því lyf virka ekki á málþroskaröskun. Barn með skertan málskilning á oft erfitt með að fylgjast með bæði í skólastofunni og við leik og störf og virðist utan við sig. Vísbendingar eru um að þessi hegðunareinkenni séu oft metin á spurningalistum sem athyglisbrestur.

Hefur þú hlotið einhverjar viðurkenningar tengdar rannsóknum þínum?

Ég hlaut viðurkenningu Vísindaráðs LSH fyrir vísindastörf árið 2005, sem ég er mjög þakklát fyrir og sem var mér vissulega mikil hvatning. Það er ánægjulegt að sjá hve LSH gerir sér far um að efla rannsóknarstarfsemi á sjúkrahúsinu, en betur má ef duga skal.

Það er mikilvægt að þeir sem ráða því hvernig fé er veitt til heilbrigðisþjónustunnar átti sig á því að það verða engar framfarir í greiningu og meðferð sjúkdóma án rannsókna. Þess vegna er brýnt að ætla því fólki sem fæst við rannsóknir bæði tíma og aðstöðu til að sinna þeim.

Helgi Valdimarsson prófessor í ónæmisfræði

Um það leyti sem ég lauk kandidatsprófi frá læknadeild upp úr 1960 las ég nokkrar greinar um ónæmiskerfið, m.a. í Lancet, New England Journal of Medicine og Nature. Þá var mjög lítið vitað um hlutverk eitilfruma en það sem ég las benti til þess að eitilfrumur og aðrar hvítfrumur í blóði gegni lykilhlutverki í sýklavörnum líkamans. Jafnframt kom fram í sumum þessara greina að truflun á starfsemi eitilfruma gæti orsakað marga sjúkdóma sem ég hafði kynnst, svo sem ofnæmi, iktsýki, ofstarfsemi skjaldkirtils og rauða úlfa (lupus) svo eitthvað sé nefnt. Einnig tók ég um þetta leyti á móti sjúklingi með lífshættulega sýkingu og komst að því að faðir hans og þrjú systkini af fjórum höfðu dáið úr sjúkdómum sem líklega mætti rekja til truflunar á myndun hvítfruma.



Hvers vegna ákvaðst þú að leggja fyrir þig klíniska ónæmisfræði?

Eftir kandidatspróf var ég m.a. héraðslæknir í Hvammstangahéraði í 18 mánuði og deildarlæknir á lyflækningadeild Landspítalans í tvö ár. Þá jókst áhugi minn á ónæmiskerfinu og haustið 1968 fór ég svo til London til að sérhæfa mig í ofnæmis- og ónæmislækningum. Þar sem ekki var búið að skipuleggja framhaldsnám í þessari sérgrein í Bretlandi á þessum árum vann ég fyrst í rúmlega tvö ár sem aðstoðarlæknir í lyflækningum og meinafræði á Hammersmith sjúkrahúsinu og Royal Postgraduate Medical School sem þá var aðal framhaldsmenntunarskólinn í Breta í læknisfræði. Árið 1971 var svo sett á laggirnar sérstök ónæmisdeild við þessa stofnun og jafnframt ráðinn prófessor frá Cambridge, Peter Lachmann, til að stjórna henni. Ég var svo lánsamur að fá tækifæri til þess að vinna með honum og félögum hans að uppbyggingu þessarar deildar næstu fjögur árin og stundaði þá jöfnum höndum klíniska vinnu, kennslu og rannsóknir.

Árið 1975 fékk ég síðan yfirlæknis- og dósentstöðu (Consultant og Senior Lecturer) við St. Mary's háskólasjúkrahúsið í London.

Hvernig var starfsumhverfið á St. Mary's sjúkrahúsinu?

Það var býsna löng hefð á St. Mary's sjúkrahúsinu, bæði fyrir grunnrannsóknir og ónæmisfræði og þjónustu við fólk með ofnæmi. Ég fékk vinnuáðstöðu á ónæmisfræðideild spítalans en hún átti rætur að rekja allar götur til Almroth Wrights sem var fyrirmynd Bernhard Shaw í leikritinu Doctor's dilemma ("Stimulate the phagocytes"!)

Ég var ráðinn til þess að setja á stofn þjónustu fyrir sjúklinga með truflað ónæmiskerfi og jafnframt var ætlast til að ég aflaði styrkja til fræðilegra rannsókna, leiðbeindi doktorsnemum og kenndi læknanemum ónæmisfræði.

Þetta var krefjandi og afar áhugavert viðfangsefni og ég setti mér það markmið að starfsemin yrði komin í sæmilegan farveg innan fimm ára. Jafnframt gerði ég samning við Háskóla Íslands um að koma heim einu sinni á ári til að kenna íslenskum læknanemum ónæmisfræði og byggja hér upp kennslu og aðstöðu til rannsókna á þessu sviði. Ég fékk næga styrki og góða aðstöðu til að vera aðal leiðbeinandi fjögurra doktorsnema sem luku allir prófi áður en ég flutti heim 1981.

Á þessum árum vann ég m.a. að rannsóknir á orsökum iktsýki og efnum í blóðvökva sem örvuðu starfsemi átturuma. Einnig hóf ég samstarf við Dr. Lionel Fry, yfirlækni húðdeildar St. Mary's sjúkrahússins, um rannsóknir á orsökum sóra (psoriasis) en það samstarf hélt farsælega áfram fram yfir 1990 eða þar til Dr. Fry fór á eftirlaun.

Hvernig var að flytja frá London til Íslands?

Ég ætlaði mér alltaf að flytja heim og byggja upp aðstöðu til ónæmisrannsókna við Háskóla Íslands. Ég hafði reyndar byggt upp aðstöðu á þessu sviði í London áður en ég kom heim og því sæmilega í stakk búinn til slíkra verka þegar ég var skipaður prófessor og yfirlæknir í ónæmisfræði við læknaeild Háskólans og Landspítalann 1981. Húsnæði til að hefja uppbygginguna hér heima fékkst þó ekki fyrr en 1983 þrátt fyrir eindreginn stuðning stjórna bæði læknaeildar og Landspítalans, sem störfuðu reyndar mjög náið saman á þessum árum. Hins vegar var þá ekki komin hefð fyrir því (og er kannski ekki enn) að nýráðnir prófessorar fengju viðspyrnu til að byggja upp aðstöðu og samstarfsteymi til rannsókna sem standast alþjóðlegar gæðakröfur. Þá var læknaeild skipt í kennslugreinar en ekki fræðasvið. Samt sem áður hafði ýmsum tekist að ná markverðum árangri í læknisfræðilegum rannsóknum hérlendis, og nægir að nefna Tilraunastöðina að Keldum og Blóðbankann. Jónas Hallgrímsson prófessor í líffærameinafræði útvegaði mér litla skrifborðs-kytru fyrstu tvö árin og Arinbjörn Kolbeinsson dósent í sýklafræði ljáði Ragnhildi Kolka stól til að sitja á, en hún vann fyrstu árin með mér að uppbyggingu þjónusturannsókna.

Það var ekki fyrr en þáverandi forstjóri Landspítalans, Davíð Á. Gunnarsson, hjó á hnútinn og lét hækka lekt þak "Gamla þvottahússins" (núverandi hús 14 þar sem ég vinn ennþá) að eitthvað fór að rofa til. Ég tel að hann og núverandi forstjóri Landspítala, Magnús Pétursson sem þá var hagsýslustjóri, hafi verið "ljósmæður" þeirrar ónæmisfræðilegu starfsemi sem hefur farið fram í húsi 14 undanfarið 24 ár. Það sem skipti sköpum fyrir rannsóknavirkni mína, meðan þessi erfiða fæðing átti sér stað, var að stjórn St. Mary's læknaeildar í London gerði við mig samning um áframhaldandi rannsóknasamstarf við Lionel Fry. Því var ég gestaprófessor (visiting professor) við þá stofnun frá 1981 til 1999 og hafði þar áfram þá aðstöðu sem ég þurfti.

Hvernig telur þú að rannsóknarumhverfi þitt hafi þróast og hverjir hafa verið helstu samstarfsmenn þínir hérlendis?

Almennt tel ég að rannsóknarumhverfi hérlendis hafi batnað verulega og þá sérstaklega á allra síðustu árum. Vegur þar þyngst að skipulegt rannsóknarnám til meistara- og doktorsprófs hefur verið tekið upp og einnig tel ég að stjórnmalamenn og fyrirtæki hafi nú loksins gert sér grein fyrir því hversu mikilvæg þekkingarsköpun er fyrir menningarlegt sjálfstæði og velferð þjóðarinnar.

Sjálfur hef ég löngum verið heppinn með samstarfsfólk og nemendur, bæði erlendis og hérlendis sem yrði allt of langt að rekja hér. Þó vil ég geta þess að á Lundúnarárunum kynntist ég afbragðs manneskjum sem síðar urðu frumkvöðlar í því að byggja upp með mér þjónustu, kennslu og vísindastarfsemi í ónæmisfræði fyrir Landspítalann og læknaeild Háskólans.

.....framahld á næstu síðu

Auk Ragnhildar Kolka vil ég einnig nefna Ingileifi Jónsdóttur og Ásbjörn Sigfússon. Ingileif hafði reyndar byrjað í rannsóknarnámi hjá mér á St. Mary's þegar núverandi eiginmaður hennar vélaði hana til Stokkhólms þar sem hún lauk doktorsprófi. Hún kom síðan til liðs við ónæmisfræðina hér heima fljótlega eftir að starfsemin byrjaði og líka Ásbjörn heitinn, sem sérhæfði sig í klínískri ónæmisfræði í London. Kristján Erlendsson læknir bættist svo fljótlega í hópinn eftir að hann hafði lokið sérfræðiprófi í klínískri ónæmisfræði í Bandaríkjunum.

Þetta ágæta samstarfsfólk lagði grunninn að þróun og starfsemi ónæmisdeildarinnar eins og hún er nú og vitaskuld lögðu ýmsir fleiri gjörva hönd á plóginn, þar á meðal ýmsir frábærir nemendur og líf-eindafræðingar.

Geturðu greint stuttlega frá helstu niðurstöðum rannsókna þinna og viðurkenningum sem þér hafa hlotnast?

Rannsóknirnar sem ég vann að meðan ég var í London voru metnar af Royal College of Pathology sem ígildi þrefalds doktorsprófs og þar með var mér boðin aðild án þess að taka tilskilin próf.

Líklega eru rannsóknir mínar á sóra best þekktar, en ég setti fram, ásamt samstarfsfólki mínu, snemma á áttunda áratugnum og aftur 1995, tilgátur um eðli og orsakir þessa sjúkdóms sem hafa að mestu staðist margvíslegar og strangar tilraunaprófanir. Ég vinn ennþá að rannsóknum á þessu sviði í samvinnu við ýmsa aðila. Vil ég í því sambandi sérstaklega nefna Dr. Andrew Johnston sem hefur nú unnið með mér í 7 ár og kom upphaflega sem styrkþegi frá Evrópusambandinu.

Einnig vil ég nefna fyrirverandi doktorsnema minn, Jóhann E. Guðjónsson, sem er að ljúka sérfræðinámi í húðsjúkdómum frá háskólanum í Michigan og mun senn taka við prófessorsstöðu við sama háskóla. Hann er búinn að koma upp dýralíkani sem gerir okkur kleift að prófa ýmsar tilgátur sem við settum fram um eðli sóraútbrotá meðan hann vann að doktorsverkefninu sínu.

Þá fékk ég fyrir fjórum árum Fogarty Scholarship til að vinna að rannsóknum við National Institute of Health í Bandaríkjunum og hef starfað þar að verkefnum sem tengjast sóra í tvo til þrjú mánuði undanfarin þrjú ár. Síðast en ekki síst þótti mér afar vænt um að vera heiðraður fyrir vísindastörf fyrst af Landspítala 2005 og síðan af Háskóla Íslands í fyrra.

Veggspjöld á Vísindum á vordögum LSH 2006

- 1. Æðabelfrumur örva bandvefslíka umbreytingu brjóstastofnfruma í þríviðri rækt.**

Valgarður Sigurðsson, Geir Tryggvason, Ragnar Pálsson, Magnús K. Magnússon, Ole William Petersen, Þórarinn Guðjónsson.
- 2. Skilgreining á frumulínu úr brjóstakrabba-meinssjúklingi með sterka fjölskyldusögu: líkan fyrir myndun æxlisvaxtar.**

Þórhallur Halldórsson, Sævar Ingþórsson, Agla Friðriksdóttir, Valgarður Sigurðsson, Óskar Þór Jóhannsson, Sigríður Klara Böðvarsdóttir, Margrét Steinarsdóttir, Helga M Ögmundsdóttir, Þórarinn Guðjónsson.
- 3. Azithromycins á þekjuvef lungna.**

Valþór Ásgrímsson, Þórarinn Guðjónsson, Guðmundur Hrafn Guðmundsson, Ólafur Baldursson.
- 4. Þróun vefjaræktunarlíkans til rannsókná á þekjuvef lungna.**

Valþór Ásgrímsson, Guðmundur Hrafn Guðmundsson, Margrét Steinarsdóttir, Ólafur Baldursson, Skarphéðinn Halldórsson, Þórarinn Guðjónsson.
- 5. Blóðmyndandi forverafrumur úr beinmerg manna geta myndað taugar í fósturmænu kjúklinga sem er að endurmyndast.**

Ólafur E. Sigurjónsson, Marie-Claude Perreault, Torstein Egeland, Joel C. Glover.
- 6. Eðlileg enduruppsetning á bak-kviðlærgi genatjáningu eftir endurmyndun á fósturmænu kjúklinga.**

Ólafur E. Sigurjónsson, Gabor Halasi, Kobra Sultani, Torstein Egeland, Joel C. Glover.
- 7. Mikilvægi endurmyndaðs blóðflæðis fyrir rötunarhæfni endotel forverafrumna úrbeinmerg svína eftir hjartaskaða.**

Haakon K. Grøgaard, Ólafur E. Sigurjónsson, Magne Brekke, Nils E. Kløw, Kirsti Solberg Landsverk, Torstein Lyberg, Morten Eriksen, Torstein Egeland, Arnfinn Ilebakk.
- 8. Bein einangrun erfðabreytilegra raða úr erfðamengjum og hönnun örsýnaraðsafna til að greina þær raðir.**

Hans G. Þormar, Bjarki Guðmundsson, Guðmundur H. Gunnarsson, Magnús M. Halldórsson, Ýmir Vigfússon, Haukur Þorgeirsson, Jón Jóhannes Jónsson.
- 9. Sameindafaraldsfræði pneumókokka í ífarandi sýkingum á Íslandi, 1990-2004.**

Karl G. Kristinsson, Hólmfríður Jensdóttir, Helga Erlendsdóttir, Þóra R. Gunnarsdóttir.
- 10. Áhrif LT-K63 á svipgerð og virkni eitilfrumna nýfæddra músa.**

Þórunn Ásta Ólafsdóttir, Sólveig G Hannesdóttir, Giuseppe Del Giudice, Emanuelle Trannoy, Ingileif Jónsdóttir.
- 11. Öryggi og ónæmisvekjandi eiginleikar bóluvefnis með 9 hjúggerðum pneumókokka og meningókoccus C fjölskyrum tengdum CRM197 próteininu, þegar gefið ungbörnum í tveimur eða þremur skömmtum.**

Sigurveig P. Sigurðardóttir, Katrín Davíðsdóttir, Vilhjálmur Ari Arason, Ólöf Jónsdóttir, France Laudat, Ingileif Jónsdóttir.
- 12. Komplementþættir, mannan bindilektín (MBL) og IgA ónæmisfléttur hjá sjúklingum með IgA nýrnamein.**

Ragnhildur Kolka, Sverrir Harðarson, Magnús Böðvarsson, Sigrún Laufey Sigurðardóttir, Helgi Valdimarsson, Þorbjörn Jónsson.
- 13. Er rökun í tjáningu bakteríudrepandi peptíða í kverkeiðum mikilvægur orsakavaldur sóra?**

Sigrún Laufey Sigurðardóttir, Geir Hirlekar, Bjarki Jóhannesson, Guðmundur Hrafn Guðmundsson, Helgi Valdimarsson, Andrew Johnston.
- 14. Áhrif píroxíkams á bráðar og krónískar liðbólur.**

Sigrún L. Sigurðardóttir, Jóna Freysdóttir, Þóra Víkingisdóttir, Helgi Valdimarsson, Arnór Víkingsson.
- 15. Smáæðablóðflæði og efnaskipti í þörmum.**

Gísli H Sigurðsson, Vladimir Krejci, Luzius Hildebrand.
- 16. Vasopressín hefur viðtæk áhrif á dreifingu blóðflæðis milli líffæra.**

Gísli H Sigurðsson, Luzius Hildebrand, Vladimir Krejci.
- 17. Súrefnisskortur í bláæðalokun í sjónhimnu batnar eftir leysimeðferð.**

Sveinn Hákon Harðarson, Róbert Arnar Karlsson, Gísli Hreinn Halldórsson, Sveinn Ríkarður Jóelsson, Aðalbjörn Þorsteinsson, Þór Eysteinnsson, Jón Atli Benediktsson, James Beach, Einar Stefánsson.
- 18. Sjálfvirkt mat á gæðum augnbotnamynda.**

Sveinn Ríkarður Jóelsson, Róbert Arnar Karlsson, Gísli Hreinn Halldórsson, Sveinn Hákon Harðarson, Aðalbjörn Þorsteinsson, Þór Eysteinnsson, James Beach, Einar Stefánsson, Jón Atli Benediktsson.
- 19. Hugbúnaðarviðmót til mælinga á súrefnismettun í æðlingum sjónhimnu.**

Róbert Arnar Karlsson, Jón Atli Benediktsson, Sveinn Hákon Harðarson, Gísli Hreinn Halldórsson, Þór Eysteinnsson, Alon Harris, Einar Stefánsson.
- 20. Faraldsfræði nýrnasteina á Íslandi.**

Ólafur Skúli Indriðason, Sigurjón Birgisson, Viðar Eðvarðsson, Helgi Sigvaldason, Nikulás Sigfússon, Runólfur Pálsson.
- 21. Nýrnasteinar í íslenskum börnum.**

Viðar Eðvarðsson, Helga Elíðóttir, Ólafur S. Indriðason, Runólfur Pálsson.
- 22. Endurkomutiðni og faraldsfræði nýrnasteina í Reykjavík.**

Viðar Eðvarðsson, Ólafur S. Indriðason, Ólafur Kjartansson, Guðjón Haraldsson, Ingunn Þorsteinsdóttir, Kristleifur Kristjánsson, Runólfur Pálsson.
- 23. Fjölskyldutengsl íslenskra sjúklinga með nýrnasteina.**

Viðar Eðvarðsson, Sverrir Þóróddsson, Runólfur Pálsson, Ólafur S. Indriðason, Kristleifur Kristjánsson, Kári Stefánsson, Hákon Hákonarson.
- 24. Kalsíum-kreatínínhlutfall í þvagi fullorðinna Íslendinga.**

Ólafur Skúli Indriðason, Viðar Örn Eðvarðsson, Runólfur Pálsson, Leifur Franzon og Gunnar Sigurðsson.
- 25. Kalsíumútskilnaður í þvagi heilbrigðra íslenskra barna**

Viðar Eðvarðsson, Elín Ólafsdóttir, Ásgeir Haraldsson, Ólafur S. Indriðason.
- 26. Fósturköfnun og alvarlegar afleiðingar hennar, tíðni og áhættuþættir á meðgöngu og í fæðingu.**

Kolbrún Pálsdóttir, Atli Dagbjartsson, Þórður Þórkelsson, Hildur Harðardóttir.
- 27. Áhrif fræðslu við heimferð af vökudeild LSH, á liðan foreldra, svefn og næringu barna 13 vikum seinna.**

Rakel B. Jónsdóttir, Arna Skúladóttir.
- 28. Liðan foreldra, svefn og næring barna 3 mánuðum eftir heimferð af vökudeild Landspítala - háskólasjúkrahúss.**

Arna Skúladóttir, Rakel B. Jónsdóttir.

- 29 **Líðan sjúklinga eftir ristilurnám flýtibatameðferð.**
Inga A Valdimarsdóttir, Aðalbjörg Ólafsdóttir, Birna Jónsdóttir, Björk Arnórsdóttir, Hrefna Magnúsdóttir, Hjördis Hjörvarsdóttir, Magna Jónmundsdóttir, Auðna Ágústsdóttir.
- 30 **Lífsgæði, einkenni kvíða og þunglyndis og endurhæfingarþarfir einstaklinga sem fá lyfjameðferð við krabbameini.**
Þórunn Sævarsdóttir, Nanna Friðriksdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir.
- 31 **Líðan einstaklinga með illkynja sjúkdóma - Forprófun mælitækis.**
Halla Þorvaldsdóttir, Alfa Freysdóttir, Barbel Schmid, Bjarni Bjarnason, Bragi Skúlason, Friðbjörn Sigurðsson, Guðmundur Snorri Ingimarsson, Jakob Smári, Nanna Friðriksdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir.
- 32 **Mat á einkennum hjá sjúklingum með krabbamein: Forprófun á M.D.Anderson Symptom Inventory (MDASI).**
Friða Björk Skúladdóttir, Ólöf Inga Birgisdóttir, Vigdís Friðriksdóttir, Nanna Friðriksdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir.
- 33 **Tilfinningaleg líðan og lífsgæði sjúklinga með ristil- og endaparmskrabbamein eftir skurðaðgerð.**
Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, Hjördis Hjörvarsdóttir, Herdís Sveinsdóttir.
- 34 **Afturvirkir tímamat hjá öldruðum: Tengsl við taugasálfræðilega frammistöðu og almenna hugræna getu.**
María K. Jónsdóttir, Eva M. Ingþórsdóttir, Thor Aspelund, Pálmi V. Jónsson, Vilundur Guðnason, Lenore J. Launer.
- 35 **Algengi athyglisbrests með ofvirkni (AMO) meðal reykivískra nemenda í þremur efstu bekkjum grunnskóla. Tengsl við þunglyndi, kvíða, spilafíkn og neyslu áfengis- og vímuefna.**
Guðmundur Skarphéðinsson, Páll Magnússon, Daniel Þór Ólason, Sigurður J. Grétarsson.
- 36 **Yfirheyrslur hjá lögreglu, falskar játningar og einstaklingsmunur. Rannsókn á íslenskum unglingum í öllum framhaldsskólum landsins.**
Jón Friðrik Sigurðsson, Gísli H.Guðjónsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir.
- 37 **Hlutverk ofbeldishugmynda í tengslum persónuleikaeinkenna og áhorfs á ofbeldismyndir og iðkun ofbeldistölvuleikja.**
Jón Friðrik Sigurðsson, Gísli H.Guðjónsson, Atli Viðar Bragason, Elsa Kristjánsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir.
- 38 **Munur á persónuleikaeinkennum og geðrænu ástandi grunaðra og vitna strax að lokinni yfirheyrslu hjá lögreglu.**
Jón Friðrik Sigurðsson, Gísli H.Guðjónsson, Emil Einarsson, Guðmundur Guðjónsson.
- 39 **Notagildi Clinical Outcomes for Routine Evaluation – Outcome Measure (CORE – OM) mælitækisins til að meta árangur af fimm vikna hugrænni atferlismeðferð í hóp við þunglyndi og kvíða í heilsugæslu á Íslandi.**
Hafrún Kristjánsdóttir, Jón Friðrik Sigurðsson, Pétur Tyrfinngsson, Agnes Agnarsdóttir, Halldóra Ólafsdóttir, Engilbert Sigurðsson.
- 40 **Spurningalistinn Quality of Life Scale – Áreiðanleiki hans og einkunnir fjögurra mismunandi hópa.**
Hafrún Kristjánsdóttir, Pétur Tyrfinngsson, Linda Bára Lýðsdóttir, Halldóra Ólafsdóttir, María Hrönn Nikulásdóttir, Jón Friðrik Sigurðsson.
- 41 **Athugun á próffræðilegum eiginleikum sálfræðiprófanna Edinburgh Postnatal Depression Scale (EPDS) og Postpartum Depression Screening Scale (PDSS) og hæfni þeirra til að skíma eftir fæðingarþunglyndi.**
Linda Bára Lýðsdóttir, Halldóra Ólafsdóttir, Hilda Hrunn Cortes, Pétur Tyrfinngsson, María Hrönn Nikulásdóttir, Jón Friðrik Sigurðsson.
- 42 **Mat á árangri hópmeðferðar fyrir fólk með kvíðaraskanir: Gjörhygliþjálfun og hugræn meðferð.**
Ragnar P. Ólafsson, Margrét Bárðardóttir, Þórgunnur Ársælsdóttir.
- 43 **Íslensk stöðun Mattis Dementia Rating Scale-2: Fyrstu niðurstöður.**
María K. Jónsdóttir, Berglind Magnúsdóttir, Magnús Jóhannsson.
- 44 **Hvert er sambandið á milli hegðunarmats og taugasálfræðilegs mats á einkennum athyglisbrests með ofvirkni (ADHD)?**
Sólveig Jónsdóttir, Anke Bouma, Joseph A. Sergeant, Erik J.A. Scherder.
- 45 **Augnhreyfingar og neuregulin-1 í geðklofa.**
Magnús Haraldsson, Ulrich Ettinger, Brynja B. Magnúsdóttir, Engilbert Sigurðsson, Þórður Sigmundsson, Hannes Pétursson.
- 46 **Neuregulin 1 og vitræn starfsemi í geðklofa.**
Brynja Björk Magnúsdóttir, Magnús Haraldsson, Karl Einarsson, Robin Morris, Robin Murray, Engilbert Sigurðsson, Hannes Pétursson, Þórður Sigmundsson.
- 47 **Áhfrif endurtekinna athugana og ofurábyrgðarkenndar á minni.**
Ragnar P. Ólafsson, Ægir Hugasson, Jakob Smári.
- 48 **Sjálfsvígstilaunir með lyfjum eða eiturefnum.**
Guðborg Auður Guðjónsdóttir, Jakob Kristinnsson, Runólfur Pálsson, Curtis P Snook, Margrét Blöndal, Sigurður Guðmundsson.
- 49 **Atvinnutengdar eitranir.**
Jakob Kristinnsson, Guðborg Auður Guðjónsdóttir, Runólfur Pálsson, Curtis P Snook, Margrét Blöndal, Sigurður Guðmundsson.
- 50 **Haldbær og ábyrg fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónusta.**
Linn Getz, Irene Hetlevik, Anna Luise Kirkengen, Jóhann Ág. Sigurdsson.
- 51 **Hjúkrun og öryggi sjúklinga á skurðstofum.**
Herdís Alfreðsdóttir, Dr. Kristín Björnsdóttir.
- 52 **Könnun á öryggismeningu meðal hjúkrunarfræðinga sem starfa á skurð- og svæfingadeildum Landspítala - háskólasjúkrahúss.**
Áslaug Sigríður Svavarsdóttir, Laura Sch. Thorsteinsson.
- 53 **Leikni í að nota hjólastól - Könnun meðal mænskadaðra Íslendinga.**
Sigprúður Loftsdóttir, Jóhanna Ingólfssdóttir.
- 54 **Vaktaóskir á Veraldarvefnum – Frumkvöðlavinna á LSH.**
Elisabet Guðmundsdóttir.
- 55 **Notagildi PFA-100 lokunartíma og blæðitíma við greiningu frumstorkugalla í heilbrigðu skimuðu þyði.**
Brynja R. Guðmundsdóttir, Páll Torfi Ónundarson.
- 56 **Um notagildi PFA-100® lokunartíma við greiningu á frumstorkugöllum.**
Margrét Ágústsdóttir, Brynja R. Guðmundsdóttir, Páll Torfi Ónundarson.
- 57 **Samanburður á segavörnum á Landspítala á árunum 1992 og 2006.**
Kristín Ása Einarsdóttir, Brynja R. Guðmundsdóttir, Páll Torfi Ónundarson.
- 58 **Börn með farnandi pneumókokkasýkingar hafa lág mótéfni gegn pneumókokkapróteinum og mynda lélegt mótéfnasvar við sýkingu samanborið við jafnaldra sem bera pneumókokka í nefkoki.**
Ingileif Jónsdóttir, Gunnhildur Ingólfssdóttir, James C.Paton, Karl G. Kristinnsson, Þórólfur Guðnason.

Fræðasvið Háskóla Íslands

Læknisfræði

- Liffærafræði**
Hannes Blöndal, forstöðumaður
Forsvarsmenn fræðigreina:
Liffærafræði:
Hannes Blöndal, prófessor
Frumuliffærafræði:
Helga M. Ögmundsdóttir, prófessor
- Lífefna- og sameindalíffræði**
- tengt rannsóknasviði LSH
Jón Jóhannes Jónsson, forstöðumaður
Forsvarsmenn fræðigreina:
Lífefnafræði:
Jón Jóhannes Jónsson, dósent
Meinefnafræði:
Jón Jóhannes Jónsson, dósent
Sameindalíffræði:
Eiríkur Steingrímsson, rannsóknaprófessor
Erfðalæknisfræði:
Reynir Arngrímsson, dósent
- Lífedlisfræði/eðlisfræði**
- tengt rannsóknasviði LSH
Stefán B. Sigurðsson, forstöðumaður.
Forsvarsmenn fræðigreina:
Lífedlisfræði:
Stefán B. Sigurðsson, prófessor
Læknisfræðilegar eðlisfræði:
Brynjar Karlsson, dósent
- Meinafræði**
- tengt rannsóknasviði LSH
Jóhannes Björnsson, forstöðumaður
Forsvarsmenn fræðigreina:
Liffærameinafræði:
Jóhannes Björnsson, prófessor
Réttarlæknisfræði:
Gunnlaugur Geirsson, prófessor
- Myndgreining** -tengt myndgreiningarsviði
Ásbjörn Jónsson, forstöðumaður/
forsvarsmáður
- Lyfja- og eiturefnafræði**
- tengt Lyfjafræðistofnun í HÍ og
lyflækningasviði I á LSH
Magnús Jóhannsson, forstöðumaður
Forsvarsmenn fræðigreina:
Lyfjafræði:
Magnús Jóhannsson, prófessor
Eiturefnafræði:
Jakob Kristinsson, dósent
- Sýklafræði**
- tengt rannsóknasviði LSH,
Karl Kristinsson, forstöðumaður
Forsvarsmenn fræðigreina:
Sýklafræði:
Karl Kristinsson, prófessor
Veirufraði:
Arthúr Löve, prófessor
- Ónæmisfræði**
- tengt rannsóknasviði LSH
Helgi Valdimarsson, forstöðumaður
Forsvarsmenn fræðigreina:
Ónæmisfræði:
Helgi Valdimarsson, prófessor
- Handlæknisfræði**
- tengt skurðlækningasviði LSH
Jónas Magnússon, forstöðumaður.
Forsvarsmenn fræðigreina:
Almennhandlæknisfræði:
Jónas Magnússon, prófessor
Háls- nef og eyrnalæknisfræði:
Hannes Petersen, dósent
Þvagfæralæknisfræði:
Guðmundur Víkar Einarsson, dósent
Bæklunarlæknisfræði:
Halldór Jónsson, prófessor
Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði:
Bjarni Torfason, dósent
Æðaskurðlæknisfræði:
Stefán E. Matthíasson, dósent
Heila- og taugaskurðlæknisfræði:
Garðar Guðmundsson, aðjúnt
Barnaskurðlækningar:
Práinn Rósmundsson, aðjúnt
Lýtalæknisfræði:
Jens Kjartansson, aðjúnt
- Augnlæknisfræði**
- tengt skurðlækningasviði LSH
Einars Stefánsson, forstöðumaður/
forsvarsmáður
- Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði**
- tengt svæfinga-, gjörgæslu-
og skurðstofusviði LSH
Gísli H. Sigurðsson forstöðumaður/
forsvarsmáður
- Bráðalæknisfræði**
- tengt slysa- og bráðasviði LSH
Brynjólfur Mogensen forstöðumaður/
forsvarsmáður
- Lyflæknisfræði**
- tengt lyflækningasviði I LSH
Þórður Harðarson, forstöðumaður
Forsvarsmenn fræðigreina:
Hjartalæknisfræði:
Þórður Harðarson, prófessor
Blóðfræði:
Páll Torfi Önnundarson, dósent
Smitsjúkdómalæknisfræði:
Magnús Gottfredsson, dósent
Gigtarlæknisfræði:
Helgi Jónsson, dósent
Nýrnalæknisfræði:
Runólfur Pálsson, dósent
Meltingarlæknisfræði:
Bjarni Þjóðleifsson, prófessor
Innkirtlalæknisfræði:
Gunnar Sigurðsson, prófessor
Lungnalæknisfræði:
Steinn Jónsson, dósent
Húð- og kynsjúkdómalæknisfræði:
Jón Hjaltalín Ólafsson, dósent
- Taugasjúkdómfræði**
- tengt lyflækningasviði I LSH
Elías Ólafsson forstöðumaður/forsvarsmáður
- Krabbameinslæknisfræði**
-tengt lyflækningasviði II á LSH
Helgi Sigurðsson forstöðumaður/forsvarsmáður
- Heilbrigðis- og faraldsfræði,**
Vilhjálmur Rafnsson forstöðumaður/
forsvarsmáður
- Heimilislæknisfræði,**
Jóhann Ág. Sigurðsson forstöðumaður/
forsvarsmáður
- Geðsjúkdómfræði**
- tengt geðsviði LSH
Hannes Pétursson forstöðumaður
Forsvarsmenn fræðigreina:
Almenn geðlæknisfræði:
Hannes Pétursson, prófessor
Sálarfræði:
Jón Friðrik Sigurðsson, dósent
